

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 335 18. maí 1983.

#### 1. gr.

Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, 5. gr. a og b, svohljóðandi:

a. (5. gr. a) Dómsmálaráðherra er heimilt að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað, sbr. 1. mgr. 12. gr. áfengislaganna.

Umsókn um nýtt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal senda dómsmálaráðuneytinu. Í umsókn skal koma fram um hvers konar veitingastað er að ræða (veitingahús, skemmtistaður, hótél). Ráðuneytið leitar eftir umsögn matsnefndar vínveitingahúsa, sbr. 2. mgr. 12. gr. áfengislaganna. Ennfremur sendir ráðuneytið umsóknina hlutaðeigandi lögreglustjóra, er leitar eftir umsögn bæjarstjórnar eða sýslunefndar er í hlut á, sbr. 3. mgr. 12. gr. áfengislaganna, og eftir atvikum hreppsnefndar. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar. Er lögreglustjóri hefur móttengið umságnir þessar sendir hann þær dómsmálaráðuneytinu ásamt umsögn sinni og tillögum. Að umsögnum fengnum metur ráðherra hvort efni sé til að gefa út leyfi, með hvaða skilyrðum og til hve langs tíma, enda hafi sveitarstjórn/sýslunefnd mælt með leyfisveitingu, og matsnefnd vínveitingahúsa lýst því að veitingastaðurinn fullnægi ákvæðum b-liðar 1. mgr. 12. gr. áfengislaganna. Leyfi til áfengisveitinga er bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði sem hann hefur þegar leyfi er veitt.

b. (5. gr. b) Lögreglustjóri skal gæta þess að áfengisveitingar fari eigi fram á veitingastað eftir að leyfi er fallið úr gildi. Nú er sótt um endurnýjun leyfis til áfengisveitinga og framlengist fyrra leyfi þá meðan sú umsókn er til meðferðar. Umsókn um endurnýjun leyfis skal senda lögreglustjóra, er leitar eftir umsögnum matsnefndar vínveitingahúsa og annarra aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr. a. Að umsögnum fengnum framsendir lögreglustjóri umsóknina til dómsmálaráðuneytisins með umsögn sinni og tillögum.

Taki nýr veitingamaður við rekstri veitingastaðar skal sótt um nýtt leyfi, en fyrra leyfi gildir áfram meðan sú umsókn er til meðferðar. Umsókn skal senda lögreglustjóra, er leitar eftir umsögnum aðila. Að umsögnum fengnum framsendir lögreglustjóri umsóknina til ráðuneytisins ásamt umsögn sinni og tillögum.

Taki veitingamaður í notkun aukið húsnæði skal sótt um viðbótarleyfi. Umsókn skal senda lögreglustjóra, er leitar eftir umsögnum aðila. Ef um er að ræða óverulega breytingu á rekstri veitingastaðar nægir að leita eftir umsögn matsnefndar vínveitingahúsa. Að umsögnum fengnum framsendir lögreglustjóri umsóknina til ráðuneytisins ásamt umsögn sinni og tillögum.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. júní 1986.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*